

# Haust- og vetrarleiga 2023-2024

Mikil aðsókn er í húsin yfir vetrartímann, sérstaklega í hús sem er stutt frá höfuðborgarsvæðinu. Það er venjulega fullbókað um helgar u.þ.b. mánuð fram í tímann, þannig að nauðsynlegt er að bóka tímanlega til að fá bústað á þeim tíma sem hentar.

Vetrartímabilið er frá 1. september 2023 til 31. maí 2024. Þá er hægt að bóka bæði helgar- og vikuleigu. Þó er aðeins vikuleiga í boði yfir hátíðarnar, þ.e. jól og áramót, og svo páska. Jóla- og áramótavikurnar í ár eru annars vegar 20.12- 27.12.2023 og hins vegar 27.12.2023 – 03.01.2024. Bókanir fyrir jól og áramót hefjast 13. september kl 8:15. Aðeins er hægt að velja annað hvort jóla eða áramótaviku.

Opnað er fyrir vetrartímabilið í tveimur skrefum.

Opnað verður fyrir bókanir í vetrarleigu fram að jólum þann 15. Ágúst kl. 8:15. Opnað verður fyrir bókanir eftir áramót, fyrir tímabilið 5. Janúar til 2. Júní 2023, þann 1. nóvember kl. 8:15. Athugið að páskar eru undanskildir þar sem sækja þarf um sérstaklega og hefst umsóknartímabilið í byrjun febrúar og verður úthlutað í samræmi punktafjölda umsækjanda.

Helgarleiga er þrjú sólarhringar, annað hvort frá fimmtudegi til sunnudags eða föstudegi til mánudags. Ekki eru dregnir frá punktar í vetrarleigu, að undanskildum páskum. Punktar dragast aðeins frá á þegar leigt er á sumrin og yfir páska.

## Hvernig skal bóka hús?

Á veturna er bókað beint á bókunarvefnum eða á skrifstofu og má hver félagsmaður bóka einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Hægt er að skrá sig inn á bókunarvefinn sem er á heimasíðunni, [www.efling.is](http://www.efling.is) með rafrænum skilríkjum eða lykilorði og bóka þar beint/(rafrænt). Einnig er hægt að bóka símleiðis á skrifstofu félagsins í síma 510-7500, eða senda fyrirspurnir á [orlof@efling.is](mailto:orlof@efling.is).

## Leiðbeiningar:

Inn á bókunarvefnum er farið í flipann “orlofshús” og svo “laus orlofshús”. Þá birtist yfirlitsmynd yfir öll orlofshúsin sem sýnir aðeins þrjár vikur fram í tímann og passa þarf að velja það tímabil á yfirlitsmyndinni sem á að bóka (með örvunum fyrir ofan hana). Veljið svo hús með því að fara í flettluggann fyrir ofan yfirlitsmyndina.

Það er óeins hægt að bóka hvíta reiti. Ljósulir reitir sýna leigutímabil sem eru lokuð – áður en leigutímabil eru opnuð eru reitirnir ljósulir en verða hvítir þegar búið er að opna og hægt að bóka hús. Athugið að það eru ekki öll húsin í útleigu yfir vetrartímann og það sem er appelsínugult er ekki hægt að bóka.

**Eftirtalin orlofshús og íbúðir eru í boði yfir vetrartímann:**

**Nánari upplýsingar um húsin má sjá á heimasíðu Eflingar**

[www.efling.is/orlofshus](http://www.efling.is/orlofshus)

		<b>Vikuverð</b>	<b>Helgarverð</b>
Hvammur í Skorradal / ekki pottur	1 hús	35.000,-	25.500,-
Skarð í Borgarfirði / heitur pottur	1 hús	35.000,-	25.500,-
Svignaskarð í Borgarfirði 60 fm.m potti	6 hús	28.000,-	18.500,-
Svignaskarð í Borgarfirði 78 fm.m potti	10 hús	31.000,-	21.500,-
Skarðslækur 115 fm / ekki pottur	1 hús	31.000,-	21.500,-
Borgarsel í Svignaskarði 78 fm.m potti	1 hús	26.000,-	16.500,-
Stykkishólmur, Borgarhlíð 9 / raðhús m. potti	1 hús	31.000,-	21.500,-
Stykkishólmur, Laufásvegur 21 og 23 / ekki pottur	1 hús	28.000,-	16.500,-
Hólmavík / ekki pottur	1 hús	28.000,-	18.500,-
Íbúðir á Akureyri / ekki pottur	4 íbúðir	28.000,-	18.500,-
Raðhús á Akureyri , Furulundur / ekki pottur	3 hús	31.000,-	21.500,-
Raðhús á Akureyri, Klettaborg / ekki pottur	3 hús	31.000,-	21.500,-
Kirkjubæjarklaustur / ekki pottur	2 hús	26.000,-	16.500,-
Úthlíð í Biskupstungum m. potti	2 hús	28.000,-	18.500,-
Brekkuskógur stærri hús m. potti	3 hús	31.000,-	21.500,-
Stóra Fljót í Reykholti Biskupstungum m. potti	12 hús	35.000,-	25.500,-
Ölfusborgir m. potti	10 hús	28.000,-	18.500,-
Hellishólar Fljótshlíð / ekki pottur	1 hús	31.000,-	21.500,-
Vestmannaeyjar / ekki pottur	1 hús	28.000,-	18.500,-
Hveragerði íbúð / ekki pottur	1 hús	26.000,-	16.500,-
Heiðarbær 3 við Þingvallavatn	1 hús	31.000,-	21.500,-
Bjarteyjarsandur á Hvalfirði	1 hús	31.000,-	21.500,-

**Bein leiga hjá umsjónarmanni á staðnum:**

Frá 2. Okt. Illugastaðir / Heitur pottur 2 hús sími: 462 5909 / 462 6199

Frá 2. Okt. Einarstaðir / Heitur pottur 3 hús sími: 861 8310